

## Íbúaráð Grafarvogs

Ár 2024, mánudagurinn, 7. október, var haldinn 52. fundur íbúaráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Austurmiðstöð og hófst kl. 16.32. Eftirtaldir fulltrúar voru viðstaddir: Fanný Gunnarsdóttir, Árni Guðmundsson, Erla Bára Ragnarsdóttir, Ingimar Þór Friðriksson og Tómas Örn Guðlaugsson. Fundinn sátu einnig Ragnar Harðarson og Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð,

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 19. september 2024, þar sem fram kemur að borgarstjórn hafi á fundi sínum 17. september 2024, samþykkt að Þorkell Sigurlaugsson taki sæti varamanns í íbúaráði Grafarvogs í stað Helga Áss Grétarssonar. MSS22060058
2. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 19. september 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 – Keldur og nágrenni, verklýsing skipulagsgerðar og umhverfismat. USK24080321  
Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að skila umsögn ráðsins fyrir tilskilinn frest.

Fulltrúi íbúasamtaka og fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi bókun:

Stjórn íbúasamtaka Grafarvogs harma þær hugmyndir og áætlanir sem kynntar hafa verið um uppbyggingu á Keldnalandi í Grafarvogi. Ljóst er að þéttleiki byggðar og skipulag svæðisins er ekki í neinu samræmi við nærliggjandi hverfi (Grafarvogshverfi, Grafarholt-Úlfarsárdal, Árbæjarhverfi og fl.) og greinilega gert ráð fyrir að íbúar svæðisins aðhyllist allt annan lífsstíl en hefð er fyrir í austurborg Reykjavíkur. Á það jafnt við um húsnæði, samgöngumáta, afþreyingu tómstundir og fl. þess háttar. Ekki hefur verið farið eftir óskum um friðun strandlengju Grafarvogs og Grafarlæks og að uppbygging svæðisins taki mið af þeim þáttum einnig. Íbúasamtökin fara fram á að borgarstjórn/ skipulagsyfyrirvöld endurskoði allar áætlanir um uppbyggingu Keldnasvæðisins og lagi þær að skipulagi nærliggjandi hverfa í meginatriðum.

- Kl.16.40 tekur Kjartan Magnússon sæti á fundinum.

3. Lagt fram bréf Skipulagsgáttar, dags. 5. september 2024, með umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar um Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 – íbúðaruppbygging í grónum hverfum, verklýsing skipulagsgerðar. USK24080161  
Samþykkt að fela formanni í samráði við ráðið að skila umsögn ráðsins fyrir tilskilinn frest.

Fulltrúi íbúasamtaka og fulltrúi Sjálfstæðisflokks leggja fram svohljóðandi bókun:

Stjórn Íbúasamtaka Grafarvogs harma þær þéttingatillögur í Grafarvogshverfi sem borgarstjóri kynnti lauslega í fjölmiðlum þann 26.06 sl. og eru núna loksins til sýnis og kynningar í Borgarbókasafninu í Spönginni. Ljóst að ekkert samráð hefur verið við íbúa hverfisins, íbúasamtökin eða Íbúaráð varðandi þessar þéttingahugmyndir og þær hafa vægast sagt farið illa í íbúa. Íbúasamtökin skora á borgarstjóra að draga þessar hugmyndir til baka og efla samráð við íbúa varðandi öll slík mál í framtíðinni.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórar og borgarritara, dags. 4. júní 2024, með samantekt íbúafundar borgarstjóra í Grafarvogi. MSS24020072
5. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 18. september 2024, um að opið er fyrir umsóknir í Hverfissjóð Reykjavíkurborgar frá 15. september til 15. október. MSS24030095

6. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 25. september 2024, um breytingar á úthlutunarreglum Hverfissjóðs Reykjavíkurborgar. MSS22020161
7. Lagt fram fundadagatal íbúaráðs Grafarvogs – haust 2024. MSS22080127
8. Fram fer umræða um málefni hverfisins. MSS22090034
9. Fram fer umræða um tölvupóst formanns stafræns ráðs vegna óformlegs erindis formanns íbúaráðs Grafarvogs um uppsetningu eftirlitsmyndavéla í tengslum við Hverfið mitt.  
Samþykkt að fela starfsmanni íbúaráða að leita ráðgjafar skrifstofu borgarstjórnar varðandi formlega framlagningu tölvupóstsins á næsta fundi ráðsins.

Íbúaráð Grafarvogs leggur fram svohljóðandi:

Þess má geta að svarið birtist í upptöku af fundinum á Youtube-síðu Reykjavíkurborgar.

10. Lögð fram greinargerð Skákdeildar Fjöltnis, dags. 17. september 2024 vegna verkefnisins Skákdeild Fjöltnis 20 ára. MSS24030095
11. Lögð fram greinargerð Frjálsíþróttadeildar Fjöltnis, ódags. vegna verkefnisins Vormót Fjöltnis 2024. MSS24030095
12. Lögð fram greinargerð Frjálsíþróttadeildar Fjöltnis, ódags vegna verkefnisins Fjöltnishlaups Olís 2024. MSS24030095
13. Lögð fram greinargerð Ingibjargar Óskarsdóttur, dags. 9. september 2024 vegna verkefnisins Í rúmi og tíma, leiksýning, laun leikstjóra /Ingibjörg Óskarsdóttir.. MSS24030095
14. Lögð fram greinargerð Guðnýjar Helgu Guðmundsdóttur, dags. 4. september 2024 vegna verkefnisins Tónleikahald kórs Korpúlfa. MSS23030157
15. Lögð fram greinargerð Elisabeth Rachel Nienhuis, dags. 29. ágúst 2024 vegna verkefnisins Snákur's Sleepover. MSS22040042
16. Lögð fram greinargerð Frjálsíþróttadeildar Fjöltnis, ódags. vegna verkefnisins Áramót Fjöltnis. MSS22040019  
Frestað.
17. Lögð fram greinargerð Knattspyrnudeildar Fjöltnis, dags. 29. desemberber 2023 vegna verkefnisins Fjöltnis sjálfboðaliða í bakland . MSS22040019  
Frestað.

**Fundi slitið kl. 18:30**

Fanný Gunnarsdóttir

Ingimar Þór Friðriksson  
Kjartan Magnússon

Árni Guðmundsson  
Erla Bára Ragnarsdóttir  
Tómas Örn Guðlaugsson